

## Skaði í fram- og ennishluta heilans

Á síðustu árum hefur verið farið að aðgreina ýmis einkenni og tileinka þau skaða í fram- og ennishluta heilans. Einstaklingurinn hefur þá greind, þekkingu og hreyfifærni óskerta en fram koma breytingar á persónuleika og færni til að takast á við daglegt líf. Sjúklingurinn verður óheflaður í framkomu, erfiður í samskiptum og ákvarðanir hans verða handahófskenndar. Hann stjórnast af umhverfi og aðstæðum, hefur ekkert taumhald á sér. Siðgæðisvitundin getur brenglast og hann leiðst út í vafasamar aðgerðir t.d. í fjármálum. Hann getur líka orðið eins og dofinn eða lokaður fyrir umhverfinu og sjálfum sér, sama um allt og alla. Öll þessi einkenni geta verið missterk hjá mismunandi einstaklingum. Ekki eru allir fræðingar þó sammála um þessa skilgreiningu, sumir vilja halda því fram að eingöngu sé um sálræn vandamál að ræða. Nýlegar rannsóknir benda þó sterklega til að einkennin stafi af beinni skemmd á heilavefnum á þessu svæði.

Allir heilaskaðar á sama stað í heilanum leiða til svipaðra einkenna af hvaða orsökum sem þeir eru. Það stafar af því að allir heilar eru meira og minna eins skipulagðir í okkur öllum. Heilanum er skipt upp í ýmsar stjórnstöðvar sem stýra afmörkuðum þáttum ýmist líkamlegum eða vitsmunalegum. Með betri rannsóknartækjum og auknum rannsóknum sem gerðar hafa verið á heilabiluðum einstaklingum hefur tekist að finna og einangra staði í heilanum sem stjórna ákveðnum athöfnum. Heilinn hefur verið kortlagður ef svo má segja.

Við afmarkaða heilaskaða einkum hjá yngra fólki kemur endurhæfing oft að miklu gagni. Þó er ekki hægt að segja fyrir um hvernig endurhæfingin kemur til með að nýtast einstökum sjúklingum, margt bendir til að þar komi sálrænir þættir mikið við sögu. Framfarir hafa þó orðið gífurlegar á því sviði og marga er hægt að þjálfa að því marki að þeir geti búið heima með aðstoð frá heimahjúkrun og með heimilisaðstoð.

### Heimildir:

Heimilislæknirinn. Sjúkdómar í heila og öðrum hlutum taugakerfisins. Íðunn 1987.

María K. Jónsdóttir dr. í klín. taugasálfræði.

Taugasálfræðileg einkenni eftir heilaskaða. Gögn frá námskeiði 26.—27. mars 1998.


Hart Geraldine (1983) "Strokes causing left vs. right hemiplegia: Different effects and nursing implications". Journal of Geriatric nursing. Jan/feb., bls. 39-41.

### Fræðsluefni:

<https://www.alzheimers.org.uk/>

<http://www.alzheimer.is>

## HEILASKAÐI OG HEILABILUN



## Heilaskaði og heilabilun

Heilaskaði veldur heilabilun þegar hluti af heilanum verður óstarfhæfur vegna einhverskonar skaða sem stöðvar súrefnisflutning til þess hluta heilans sem skaddast, eða veldur skemmd á taugafrumum af óþekktum orsökum.

Heilabilun getur orðið af ýmsum ástæðum:

- \* Vegna áverka eftir slys.
- \* Vegna heilablæðinga stórra eða smárra.
- \* Vegna blóðtappa, stórra eða smárra.
- \* Vegna Alzheimersjúksóms.
- \* Vegna súrefnisskorts til heila í fæðingu, eða við hjartastopp o.fl.

Þegar talað er um heilabilun er þó oftast átt við þær tegundir heilabilunar sem koma fram hjá eldri og öldruðu fólki og valda langvinnri og stigvaxandi andlegri fötlun, og heilablóðfall með eða án lamana.

Algengustu ástæður heilabilunar hjá fullorðnum og öldruðum eru:

- \* Alzheimersjúkdómur.
- \* Útbreiddir litlir skaðar hér og hvar í heilanum vegna smárra blæðinga eða lítilla blóðtappa. (Æðasjúkdómar).
- \* Stærri heilablæðingar eða blóð-tappar. (Heilablóðfall).

Heilabilun getur verið mikil eða lítil allt eftir umfangi skaðans og hún gengur ekki til baka

### Alzheimersjúkdómur

er algengasta orsök heilabilunar hjá eldri fólki, (í u.þ.b. 50-60% tilvika) Hann getur byrjað í kringum 40 ára aldur, en tíðni hans eykst með auknum aldri. Sjúkdómurinn er langvinnur, tekur oft upp í 15 ár, hann þróast oftast hægt og stigvaxandi á löngum tíma en getur líka gengið hratt fyrir sig. Orsakir hans eru ekki þekktar, en ýmsar tilgátur hafa komið fram. Sjúkdómurinn hefur mikið verið rannsakaður á síðustu árum, og komin eru fram lyf sem talin eru geta hægt á gangi hans hjá sumum einstaklingum ef hann greinist nægilega snemma, en allt er það á tilraunastigi og enn sem komið er, er sjúkdómurinn ólæknandi. Sjúkdómurinn lýsir sér með vaxandi minnstapi og skerðingu á vitsmunalegri getu. (Verkstol, rugl). Einnig koma mjög oft fram persónuleika breytingar, ranghugmyndir, ofskynjanir, áttunarleysi, hömluleysi, dómgreindarskortur og stoðkerfishrönnun, hreyfigeta minnkar og hverfur loks alveg.

Að lokum verður sjúklingurinn alveg ósjálfbjarga, hættir að geta tjáð sig eða framkvæmt nokkurt verk. Hann verður líkastur lokuðu hylki sem enginn veit hvað geymir.

### Litlar heilablæðingar og litlir blóðtappar

Geta komið skyndilega eða þróast á lengri tíma. (í u.þ.b. 10-20% tilfella). Ástandið getur versnað smám saman eða haft sveiflукenndan gang og getur komið í kjölfar háþrýstings. Einkennin eru óafturkræf og geta verið með ýmsu móti eftir umfangi. og staðsetningu skaðans. Einkennunum svipar oft mjög til einkenna við Alzheimersjúkdóm og erfitt getur verið að greina þar á milli.

Einkenni sem lýsa sér í rugli, áttunarleysi, erfiðleikum við dagleg störf, truflun á tjáningu o.fl. geta komið fram við ýmsa aðra sjúkdóma, verið af sálrænum toga (t.d. þunglyndi) og félagslegum ástæðum (einmanaleiki, einangrun lítill örvin, miklar breytingar o. fl.)

**Þess vegna þarf gagngera læknisrannsókn áður en sjúklingur er úrskurdaður með langvinna heilabilun eða óafturkræfa skerðingu á hugarstarfi og vitsmunalegri getu, til þess að útiloka læknalegar orsakir af öðrum ástæðum.**

### Heilablóðfall

Hvort sem um er að ræða blæðingu eða blóðtappa stöðvast súrefnisflutningur til þess hluta heilans sem fyrir áfallinu verður. Einkenni fara eftir umfangi og staðsetningu skaðans, geta verið allt frá dofa og óþægindum í einum útlím eða andliti yfir í algera lömum og dauða, og allt þar á milli. Við stærri áverka verður oft um lömum að ræða í gagnstæðum líkamshelmingi við áverkann. Þau koma oftast snögglega með litlum fyrirvara. Sé áverkinn í hægri hluta heilans, lamast vinstri hluti líkamans og öfugt. Einnig eru ýmis einkenni líklegri til að fylgja blæðingu hægra megin og önnur líklegri til að fylgja blæðingu vinstra megin.

### Skaði í hægri heilahveli

Veldur auk lömunar oftast truflun á skynjun einstaklingsins á umhverfi sínu, hlutum og fólki. Verklag brenglast og framkvæmd einföldustu hluta raskast.

Sjúklingur þekkir kannske ekki sína nánustu, þekkir ekki umhverfi sitt, vanmetur fjarlægðir, veit ekki hvað á að gera við hnif, gaffal og aðra venjulega hluti. Getur ekki skipulagt einfaldar athafnir eins og að klæðast.

### Skaði í vinstra heilahveli

Veldur auk lömunar einhverskonar truflun í máltjáningu eða málskilningi, erfiðleikum með að lesa og skrifa. Rökhugsun og skipulagning truflast og þekking glatast.